



Fundargerð. ***Stjórnarfundur nr.45.***

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík mánudaginn 5. september 2011 kl:14:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson. Einnig sátu fundinn tilvonandi áheyrnarfulltrúi frá FE, Ólöf Harpa Jósefsdóttir, Fannar Viggósson starfsmaður Norðurá bs., og Margeir Friðriksson sviðstjóri stjórnsýslu og fjármálasviðs hjá Sveitarfélaginu Skagafirði.

Dagskrá

1. Fundargerðir frá fundi nr. 44.
2. Ársreikningur 2010.
3. Staða og horfur í rekstri.
4. Svæðisáætlun fyrir Norðurland.
5. Aðalfundur félagsins.
6. Önnur mál.

1. Fundargerðir.

Magnús setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fundargerð frá stjórnarfundum nr. 44 lögð formlega fram og samþykkt.

2. Ársreikningur 2010.

Margeir Friðriksson fór yfir framlagðan ársreikning 2010, fyrir Norðurá bs. Árið 2010 var mikið framkvæmdarár hjá félaginu en svæðið í Stekkjarvík var gert tilbúið til notkunar. Heildarframkvæmdarkostnaður sem eignfærður er í ársreikningi nemur 276,5 milljónum. Tap var á rekstri félagsins á árinu 2010 að fjáæð 12.529 þús.kr., samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 7.006 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn var ræddur af stjórn félagsins og staðfestur með undirritun af öllum stjórnarmönnum og samþykkt að leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja reikninginn.

3. Staða og horfur í rekstri.

Lögð voru fram gögn um magn og uppruna á því sorpi sem búið er að urða. Byrjað var að urða í janúar en sorp fór þó ekki að berast af fullum þunga frá öllum aðildarsveitarfélögum fyrir en um miðjan apríl. Samtals er búið að urða tæp 5.400 tonn sem er minna en ráð var fyrir gert samkvæmt rekstraráætlun. Mikilvægt er að vel verði fylgst með því magni sem kemur til urðunar en breytist það mikið frá áætluðu magni í rekstraráætlun mun það hafa áhrif á tímaáætlun um gerð annars áfanga urðunar hólfsins. Greining á rekstarkostnaði ársins 2011 var lögð fram af Margeiri og sýndi að heildarkostnaðurinn á árinu væri mjög nálægt því sem áætlað var en vegna minna magns er kostnaður á hvert kíló hærri en reiknað var með.



Fannar lagði fram yfirlit um fjölda vinnutíma á troðara, hjólaskóflu, upplýsingar um olíunotkun og ýmislegt fleira fróðlegt sem snýr að daglegum rekstri og vinnu við móttöku og frágang á sorpi. Einnig fór hann yfir nokkur atriði sem þarf að endurbæta og laga í samræmi við reynslu liðinna mánaða eins og gerð og staðsetningu foggirðinga. Fannar vinnur áfram að því máli. Klára þarf að ganga frá samningum um notkun á hjólaskóflu samkvæmt fenginni reynslu og taka ákvarðanir um verkfæra kaup en Fannar mun leggja fram lista um það sem hann telur brýnast að fá og áætlaðan kostnað við það. Rætt um þörfina á að ráða mann í hlutastarf á móti núverandi starfsmanni en enginn ákvörðun tekinn.

Fyrir liggur skýrsla frá Umhverfisstofnun eftir síðustu heimsókn í Stekkjarvík. Einungis smávægilegar athugasemdir voru gerðar eins og að á staðnum ættu fyrirbyggjandi og áður gerðar viðbragsáætlanir um mengun hafs og stranda að vera.

4. Svæðisáætlun fyrir Norðurland.

Eiður lagði fram verk- og kostnaðaráætlun um gerð svæðisáætlunar um frágang á sorpi fyrir allt Norðurland. Ákveðið að vísa áætluninni til Aðalfundar.

5. Aðalfundur.

Ákveðið að halda aðalfund Norðurá bs. 15. september kl: 15:00 á Mælifelli á Sauðárkróki. Magnúsi falið að boða fund.

6. Önnur mál.

Eiður ræddi um þörf á orðalagsbreytingum í samningi Flokkun Eyjafjörður ehf. við Norðurá bs. í kaflanum um flutningsaðila og skyldur til þeirra. Samþykkt að á næsta stjórnarfundum komi Ólöf með tillögu að því hvaða upplýsingar flutningsaðilum ber að gefa upp um innihald og uppruna farms sem komið er með til urðunar.

Fundi slitið kl. 17:00
